

## Ráðgjafateymi Capacent



Héðinn Unnsteinsson

[hedinn.unnsteinsson@capacent.is](mailto:hedinn.unnsteinsson@capacent.is)  
s: 847-0888

Héðinn starfar sem ráðgjafi í opinberri stefnumótun. Hann er stefnumótunarsérfræðingur með meistaraþáttum í alþjóðlegri stefnumótun og stefnugreiningu frá Háskólanum í Bath á Englandi. Héðinn starfaði sem stefnumótunarsérfræðingur í forsætisráðuneytinu 2010-2018. Héðinn var formaður Stefnuráðs Stjórnarráðsins og sinnti samhæfingar verkefnum innan Stjórnarráðsins þ.á.m. samhæfingu stefna og áætlana og mótun sóknaráætlanaverkefnisins. Héðinn hefur sinnt stundakennslu í stefnumótun og áætlanagerð við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og kennslu í þjónandi forystu við Háskólann á Bifröst. Héðinn starfaði áður hjá heilbrigðisráðuneytinu og Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni.



Ingunn Guðmundsdóttir

[ingunn.gudmundsdottir@capacent.is](mailto:ingunn.gudmundsdottir@capacent.is)  
s. 692-8849


Ingunn starfar sem ráðgjafi á sviði stefnumótunar. Hún er með B.A gráðu í stjórnmálafræði. Áherslur Ingunnar í stefnumótun hjá Capacent tengjast Design Thinking aðferðafræðinni þar sem unnið er út frá sjónarhóli viðskiptavina og þarfa hans. Ingunn hefur haldið fyrirlestra um 4. iðnbyltinguna og störf framtíðarinnar. Ingunn starfaði áður sem viðskiptastjóri hjá Brandenburg og hjá nýsköpunarfyrirtækinu Plain Vanilla, þar sem hún var aðstoðarmaður forstjóra. Þar áður var hún verkefnastjóri hjá Latabæ.



Sigurður Guðmundsson

[sigurdur.gudmundsson@capacent.is](mailto:sigurdur.gudmundsson@capacent.is)  
s: 895-9598

Sigurður er ráðgjafi á sviði stefnumótunar og opinberra fjármála. Sigurður er skipulagsfræðingur með áratuga reynslu í stefnumótun og undirbúningi hennar á ýmsum sviðum, m.a. í byggðamálum, skattamálum, atvinnu- og efnahagsmálum, velferðarmálum, málefnum sveitarfélaga og loftslagsmálum og öðrum umhverfismálum. Sigurður hefur unnið undanfarin 17 ár í fjármála- og efnahagsráðuneytinu en þar áður hjá Þjóðhagsstofnun, Bygðastofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins auk þess að kenna í Háskóla Íslands. Sigurður er með BES gráðu í skipulagsfræði frá Waterloo, Ontario, Kanada og M.Phil gráðu í sama fagi frá Háskólanum í Newcastle, Englandi.



Snædís Helgadóttir

[snaedis.helgadottir@capacent.is](mailto:snaedis.helgadottir@capacent.is)  
s. 849-0717

Snædís er fjármála- og stefnumótunarráðgjafi hjá Capacent. Hún er með BSc. gráðu í viðskiptafræði frá HÍ og MSc. gráðu í fjármálum frá Lund University í Svíþjóð. Snædís hóf störf hjá Capacent árið 2016 og hefur unnið að greiningum á fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum. Þá hefur hún unnið að gerð verðmata fyrirtækja, undirbúningi sameiningar fyrirtækja og hagkvæmnigreiningum. Snædís hefur einnig komið að fjölda stefnumótunarverkefna og tekið þátt í að leggja mat á ólíka valkosti og leiðir og hvaða áhrif þær



Þröstur Sigurðsson

[throstur.sigurdsson@capacent.is](mailto:throstur.sigurdsson@capacent.is)  
s: 772-7997

Þröstur er viðskiptafræðingur (cand. Oecon.) frá HÍ og er með MSc. gráðu í fjármálum frá sama skóla og löggildingu í verðbréfamiðlun. Þröstur hefur áður starfað sem framkvæmdastjóri samruna og yfirtöku hjá Landic Property, ráðgjafi hjá ParX, IBM og PricewaterhouseCoopers, sveitarstjóri Búðahrepps á Fáskrúðfirði, forstöðumaður fjármálasviðs LÍN. Hans sérsvið eru gerð rekstrarúttekta, stefnumótandi áætlanagerð, arðsemisgreiningar, verðmöt og fjármál ríkis og sveitarfélaga. Þröstur hefur mikla reynslu í fjármálum sveitarfélaga og hefur greint stöðu á annað hundrað sveitarfélaga í aðdraganda sameiningar þeirra. Þröstur hefur verið stundakennari við Háskólann á Bifröst og Háskóla Íslands og er einn höfunda bókarinnar *Rekstur og stjórnun sveitarfélaga* sem gefin var út 1998.

Ágæta sveitarstjórn

Alþingi hefur nú til meðferðar þingsályktunartillögu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um stefnu í málefnum sveitarfélaga. Þar kemur m.a. fram að sveitarfélög eigi að verða öflugri og sjálfbærari vettvangur lýðræðislegrar starfsemi og nærþjónustu við íbúa sína. Tillögunni hefur verið vel tekið og m.a. samþykkti landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga tillöguna á landsþingi sínu 6. september sl. Sveitarfélögum er því ekkert að vanbúnaði að hefja undirbúning að því að hrinda tillögunni í framkvæmd.

Þingsályktunartillagan kveður á um að árið 2022 eigi öll sveitarfélög að vera fjölmennari en 250 íbúar og árið 2026 eigi ekkert þeirra að vera undir 1000 íbúa markinu. Það gerir þeim sveitarfélögum sem nú eru fámennari en það tækifæri til þess að verða hluti af öflugri stjórnsýslueiningu. Jafnframt gefur það öllum sveitarfélögum - líka þeim sem fjölmennari eru - tækifæri til þess að sinna betur þeim verkefnum sem þeim eru falin og taka að sér ný verkefni og bæta þannig enn hag íbúanna.

Í ljósi þessa viljum við óska eftir samtali við ykkur á neðangreindum forsendum.

#### Forskoðun á kostum sameiningar

Capacent hefur undirbúið tillögur að nálgun sveitarfélaga sem eru að huga að sameiningu þar sem lögð er áhersla á að nota tækifærið til að endurskoða markmið og stefnumótun í sameinuðu sveitarfélagi. Lagt er mat á núverandi stöðu hvað varðar fjárhag, skipulag og gæði þjónustu sem íbúum er veitt. Í seinni fasa yrðu settir fram kostir að endurskipulagningu á mikilvægustu þjónustuþáttum þar sem bent yrði á mögulega hagræðingu, úrbætur með skipulagsbreytingum og notkun nýjustu tækni.

Í umboði samstarfsnefnda sveitarfélaga á svæðinu yrði verkefni Capacent að vinna forskoðun og leggja mat á væntanlegan ávinning af sameiningu sveitarfélaganna á fjárhag og þjónustu á þessum grundvelli. Niðurstaða vinnunnar yrði hluti af þeim upplýsingum sem íbúar hefðu aðgang að á síðari stigum ákvörðunar um sameiningu.

Til þess að kanna hug ykkar til þess að láta vinna slíkt verkefni óskum við eftir fundi með sameiningarnefnd/sveitarstjórnnum til þess að kynna þá aðstoð sem Capacent gæti veitt til þess að aðstoða við þennan undirbúning. Við höfum á að skipa hópi sérfræðinga með víðtæka reynslu á sviði stefnumótunar, fjármála og þjónustulausna.

Ráðgjafar Capacent (sjá bakhlið) búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu af sameiningum, stefnumótun, fjármálum og þjónustu sveitarfélaga.

Með bestu kveðju,  
f.h. Capacent



Héðinn Úngsteinsson